

6. gr.

Um launakjör og hlunnindi starfsfólks heimilishjálpar fer eftir ákvörðun hreppsnefndar.

7. gr.

Hreppssjóður Borgarneshrepps ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, sem starfsfólk það, er vinnur á vegum heimilishjálparinnar kann að valda við störf sín, umfram það sem bætt er af sérstakri ábyrgðartryggingu, sem heimilishjálpin kaupir.

8. gr.

Fyrir heimilisþjónustu skv. reglugerð þessari og reglum, sem hreppsnefnd setur þar um, skal sá, sem hjálpar nýtur, greiða eftir gjaldskrá, sem hreppsnefnd setur þar sem tekið er tillit til tekna og annarra aðstæðna viðkomandi og kostnaðar við hjálpina. Skal gjaldskrá þessi breytast í samræmi við laun og framfærslukostnað.

Hreppsnefnd setur og nánari reglur um greiðslu, innheimtu og annað, er hún telur máli skipta í þessu efni.

9. gr.

Skrifstofa Borgarneshrepps annast bókhald og fjárreiður heimilisþjónustunnar og skulu reikningar endurskoðast árlega með sama hætti og reikningar hreppssjóðs.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Borgarneshrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952 um heimilishjálp í viðlögum, til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 25. október 1979.

F. h. r.

Jón S. Ólafsson.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um Launasjóð rithöfunda.

1. gr.

Menntamálaráðherra skipar í stjórn Launasjóðs rithöfunda til þriggja ára í senn þrjá menn utan Rithöfundasambands Íslands tilnefnda af stjórn þess. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Engan má tilnefna í stjórn tvívegis í röð né oftari en tvisvar samanlagt.

Sjóðsstjórn annast úthlutun úr Launasjóði rithöfunda og skal hafa lokið störfum 1. mars ár hvert.

Menntamálaráðherra ákveður þóknun hennar.

2. gr.

Árlegum tekjum sjóðsins skal varið til að greiða íslenskum rithöfundum starfslaun samkvæmt 17. launaflokki opinberra starfsmanna (byrjunarþrepi).

Starfslaun eru veitt eftir umsóknnum, skemmst til tveggja og lengst til níu mánaða í senn.

Höfundar eiga rétt á að sækja um starfslaun árlega.

Sjóðsstjórn auglýsir eftir umsóknum með venjulegum hætti. Í umsókn skal getið verka, sem höfundur hefur látið frá sér fara eða vinnur að. Að öðru leyti ákveður sjóðsstjórn og tiltekur í auglýsingu hvaða upplýsingar fylgja skuli umsókn um starfslaun.

Höfundur, sem sækir um og hlýtur starfslaun í þrjá mánuði eða lengur, skuldbindur sig til að gegna ekki fastlaunuðu starfi meðan hann nýtur starfslauna. Slík kvöð fylgir ekki tveggja mánaða starfslaunum enda skulu þau einvörðungu veitt vegna verka sem birst hafa næsta almanaksár á undan.

Sjóðsstjórn er heimilt að veita höfundum starfslaun í skemmri tíma en þeir sóttu um nema höfundur hafi beinlínis beðist undan því í umsókn sinni.

Einu gildir hvort höfundur sækir sjálfur eða einhver í umboði hans. Starfslaun verði greidd mánaðarlega hjá ríkisféhirði.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 29/1975 um Launasjóð rithöfunda og öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 232/1976 um Launasjóð rithöfunda.

Menntamálaráðuneytið, 19. október 1979.

Vilmundur Gylfason.

Birgir Thorlacius.

REGLUGERÐ

um sérstakt línu- og netasvæði út af Faxaflóa.

1. gr.

Frá 1. nóvember 1979 til 15. maí 1980, að báðum dögum meðtöldum, eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði út af Faxaflóa, sem að sunnan markast af línu, sem dregin er réttvísandi vestur frá Sandgerðisvita, að vestan markast svæðið af 23°42'0 V og að norðan af 64°20'0 N.

2. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða refsingu samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum, skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 25. október 1979.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.